

HLUTI 1 MÁLSRANNSÓKN 1

Viðskiptamódel MARF – Markaðsvætt Marine BARF

Dæmi og Kröfur

Í Tyrklandi er að meðaltali um 45% af árlegum 430 þúsund tonnum af veiddum sjávarafli kastað aftur í hafið áður en landað er, sá hluti aflans er því EKKI NÝTTUR;

Vitað er að þetta magn, sem ekki hefur verið álitið fjárhagslega hagkvæmt að nýta og þykir ekki hæfur til manneldis, samsvari um 190 þúsund tonnum af sjávarafurð;

Svo lengi sem brottkast á fiski og öðru sjávarfangi viðhefst þá er ekki hægt að sporna gegn því með vísindalegum og tæknilegum ferlum; og

Vannýtt sjávarfang eigi að koma í vinnslu og skapa úr því verðmætar afurðir sem skila sér í virðisaukningu inn í hagkerfið frekar en að vera fleigt aftur í sjóinn.

Lausn og Framleiðslutækni

Í matvælaíðnaði hefur framleiðsla gæludýrafóðurs aukist um 2.6% árlega.

Mikilvægasti þátturinn og síaukin þörf í þessum geira, sem skiptist í tvennt þ.e. blaut- og þurrmat, er “hráfni úr dýraríkinu”;

Í þessari viðskiptahugmyndatillögu verður þróuð frumgerð hráfæðis þar sem stór hluti fisks sem fargað er verður notaður í fóðrun húskatta og hunda; og

Þannig verður hægt að draga úr neikvæðum áhrifum brottkasts sjávarfangs á vistfræðilegt jafnvægi og hægt að koma honum inn í hagkerfið sem virðisaukandi afurð.

Ávinningur af MARF

Hollusta úr hafi með tilstilli hráfæðissamsetninga MARF fyrir katta- og hundafóður sem útbúið er úr vöðva- og beinvef fiskmetis og með eftirfarandi heilsubætandi kosti;

- Styrking vöðva og beina;
- Heilbrigðar tennur;
- Engin andfýla, heilbrigðara gin;
- Heilbrigður og mjúkur feldur;
- Hátt hlutfall meltanleika fæðu og minni saur;

- Minni ofnæmisviðbrögð; og
- Sterkara ónæmiskerfi.

Markaðir og Markhópar / Viðskiptavinir

Í Evrópulöndum eiga 85 milljónir heimila að minnsta kosti eitt gæludýr;

Vitað er að um 49% þeirra eru hundar eða kettir;

Þar er markaður fyrir sölu 85 milljarða tonna af katta- og hundamat árlega; og

Viðskipti fyrir 21 milljarð evra sem enn er að aukast á þessum markaði.

Væntanlegir viðskiptavinir MARF eru tilgreindir hér fyrir neðan;

- Katta- og hundaræktarbú: Heildsala
- Dýraathvörf á vegum sveitarfélaga og einkaaðila: Heildsala
- Gæludýraverslanir: Smásala og heildsala
- Dýraspítalar: Smásala og heildsala
- Dýralæknastofur: Smásala og heildsala
- Gæludýraeigendur, Gæludýrasamtök: Smásala

HLUTI 1: MÁLSRANNSÓKN 2 GARUM – FORN MATARVENJA SEM DREGUR ÚR SÓUN FISKMETIS

MÁLSRANNSÓKN og VINNUSKJAL

HÖFUNDAR

1. Meric Halide KASAPOGLU, MSc. Fisheries Engineer, Izmir Metropolitan Municipality, Department of Agricultural Services, Turkiye

MÁLSRANNSÓKNIR VINNUSKJAL

Page 2 Case study 1- Definition, Geographical Distribution, Usage, Preparation of Garum

Page 3 Case study 1- Worksheet questions

CASE STUDY 1: Skilgreining, Landfræðileg dreifing, Notkun, Undirbúningur við gerð Garum

Inngangur

Garum er gerjuð fiskisósa sem notuð var í ýmsa matargerð í Fönikíu, Grikklandi til forna, Róm, Karþagó og Býsan. Úr fornleifauppgreftri í hinni fornu borg Efesus í Izmir kemur upp á yfirborðið 1400 ára gömul og gleymd matarvenja. Áberandi einkenni tímabilsins voru takmarkaðar matvælaauðlindir, sem leiddi til þróunar kryddjurta sem leið til að forðast matarsóun og var á þeim tíma álitid tákni auðæfa.

Lýsing

Fiskveiðimönnum fannst óviðunandi að hlutar eins og innri líffæri, bein og blóð fisksins færu til spillis á meðan flökin voru varðveitt með reykingu eða þurrkun. Til að fyrirbyggja að þetta hráefni færi til spillis var beitt aðferð þar sem blóð, bein og innri líffæri fisksins voru látin gerjast og brotna niður í „Dolia“

(stórar leirkrukkur) með salti eða sjó. Þetta er í grófum dráttum það ferli sem notað var til að framleiða Garum.

Kostir

- Þessi málsrannsókn leggur til forna matreiðsluaðferð sem eina af leiðunum til að draga úr brottkasti og vannýtni af fiski.
- Nota það sem aðferðafræði til að meta fargað úrgang

Greining (einingatengdar aðferðir)

- Notkun nútíma rannsóknarstofa og störf fræðimanna við að finna bestu verkferla við gerð garum.

Ókostir

- Tilbúinn kryddlögur af rækju- og fiskuppruna gerir hefðum erfitt fyrir
- Aukin vinna fyrir fiskveiðimenn.

Ofangreind málsrannsókn er aðlöguð frá og slóðin Textinn hefur verið stytur vegna málsrannsóknar, en orðalag er hið sama og í frumriti. Til að lesa allan textann skaltu heimsækja þessa vefsíðu: <https://www.matsvafn.is/gering>

1. <https://www.matsvafn.is/gering>

2. Frekari upplýsingar aðgengilegar á: <https://www.matsvafn.is/gering>

MÁLSRANNSÓKN-1 VINNUSKJAL SPURNINGAR

1. Hvernig virkar Málsrannsókn-1 kerfið?
2. Gæti kerfið í Málsrannsókn-1 verið innleitt í togaraveiðar? Hver eru vandamál þessa kerfis?
3. Íhugaðu kosti og galla Málsrannsóknar-1?

Stefna/löggjöf	Kostir	Vankantar
1.		
2.		
3.		



Attribute this work: **NonCommercial** — You may not use the material for commercial purposes.
NoDerivatives — If you remix, transform, or build upon the material, you may not distribute the modified material. <https://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/4.0/>